

Við 8. gr. Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 200 aurar.

Við 9. gr. Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 300 aurar.

Við 14. gr. Í stað „vikugjald 1200 aurar“ komi: vikugjald 900 aurar.

205

28. des.

Breyting sú á iðgjaldi í 3. áhættuflokki, er felst í auglýsingu þessari, tekur ekki til iðgjalda vegna ökumanna bifreiða fyrr en við lok yfirstandandi bifreiðaskattárs.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1950, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi auglýsingar nr. 164 13. des. 1948 og nr. 31 21. febr. 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrimur Dalberg.

AUGLÝSING

206

29. des.

um skilyrði fyrir ríkisábyrgð til byggingarsamvinnufélaga.

Í framhaldi af auglýsingu ráðuneytisins, dags. 10. febrúar f. á., skal að gefnu tilefni tekið fram, að ríkisábyrgð samkvæmt heimild í II. kafla laga nr. 44/1946 verður framvegis ekki veitt nýjum byggingarsamvinnufélögum eða nýjum byggingarflokkum eldri félaga, nema fyrir liggi fjárfestingarleyfi til framkvæmdanna og gerð hafi verið grein fyrir möguleikum aðila um stofnframlög og lánsútveganir, sem ráðuneytið vill samþykkja. Byggingarsamvinnufélög, sem njóta vilja ríkisábyrgðar, eru því aðvöruð um, að hefja ekki framkvæmdir fyrr en fyrir liggur samþykki ráðuneytisins um ábyrgðina.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1949.

Björn Ólafsson.

Sig. Ólason.

AUGLÝSING

207

31. des

um notkun heimildar í viðaukalögum nr. 92 1948 við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að notaðar verði heimildir þær, sem henni eru veittar í 1. gr. laga nr. 92 29. des. 1948, töluliðum 1—6 og 8—13, en ákveðið hefur verið með lögum nr. 114/1949, að þær skuli vera í gildi á árinu 1950.

Tryggingastofnun ríkisins hefur verið tilkynnt þessi ákvörðun og henni falið að sjá um framkvæmd viðaukalaganna að því leyti, sem við getur átt.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrimur Dalberg.